

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, Bakkaflöt 1-9 og Dalsflöt 2-10.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. desember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 1 og 2, vegna lóðanna Bakkaflöt 1-9 og Dalsflöt 2-10.

Breytingin felst í breikkun byggingarreits úr 9 í 11 metra, þakform verði einhalla eða flatt, bílastæði á lóð númer 9 við Bakkaflöt verði fært að vesturmörkum lóðar, hæð veggja milli húsa sé 0,3 m yfir efstu brún þaks, efni í veggjum á lóðamörkum skal vera timbur eða steinsteypa.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. desember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.